

Myndmennt 4. bekkur

Markmiðið er að styðja m.a. við þau hæfniviðmið sem hugsuð eru í lok 4. bekkjar þar sem segir að nemendur geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki og að geta fjallað um eigin verk og annarra.

Hæfniviðmið

- að njóta og finna sköpunargleði sinni farveg allt frá byrjun til enda,
- að uppgötva á eigin forsendum og nálgast listsköpun með ýmiss konar efniviði,
- að bæta við fyrri þekkingu á sem víðustum grundvelli myndsköpunar,
- að þekkja hvernig ljós og skuggi virkar í umhverfinu,
- að þekkja grunninn í litafræði og kynnast því hvaða áhrif litir geta haft, eins og heitir og kaldir litir, andstæðir litir o.s.fr.,
- að þekkja hugtakið rými. Þar með talið hugtökin jákvætt og neikvætt rými,
- að þekkja grunnformin og skilja muninn á tvívíðu formi annars vegar og þrívíðu hins vegar,
- að verða meðvituð um hvernig alls konar dót sem aðrir henda getur orðið uppspretta listsköpunar,
- að vera fær um að sýna og segja frá sínum verkum og taka þátt í að skoða verk samnemenda sinna sem og annarra listamanna,
- að geta gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum.

Grunnþættirnir læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði, velferð og jafnrétti fléttast inn í markmiðin. Dæmi: Sjálfbærni tengist því hvernig nemendur eru hvattir til að nýta alls kyns efnivið sem aðrir henda, jafnrétti fléttast inn í að allir segja frá sínum verkum og taka þátt í að skoða annarra, öll verk eru jöfn. Læsi kemur inn í allt saman s.s. að þekkja grunnformin, vera læs á skugga, liti, form, myndbyggingu og þess háttar.

Kennsluhættir

Samþætting við bekkjakennslu og á milli list- og verkgreina. Útikennsla, tenging við umhverfið, fjölbreytt sköpun á ýmsum sviðum. Farið á listviðburði eftir því sem við á, eins og til dæmis Menningarviku í Grindavík.